



Læsisstefna leikskólans Hæðarbóls



Ábyrgð: Sigurborg Kristjánsdóttir
Leikskólastjóri Hæðarbóls





Að lokum

Stefnan er einnig liður í að uppfylla skyldur löggjafans og stefnu sveitarfélagsins. Í ljósi þess er það von okkar kennaranna að innihald læsisstefnunnar sé upplýsandi og gagnlegt fyrir þá er málið varðar en stefnan er lifandi plagg sem verður endurskoðað að ári. Sýn okkar er að undirbúa börnin í leikskólanum á sem bestan hátt undir það að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Einn liður í því er að vinna með markvissum leiðum að því að efla alla málþroskapætti og þar með lestrarlæsið sem gagnast þeim á næsta skólastigi.

Þess má geta hér í lokaorðum að foreldraráð fékk stefnuna til umfjöllunar. Á fundi sínum 16. febrúar sl. sammæltust þau um að stefnan væri skýr og skipulega framsett og hún lýsi vel viðmiðum fyrir mál- og læsisþroska barna á hverri deild. Ráðið taldi líka mikilvægt að hafa stefnu sem þessa til að vinna eftir og hún þurfi að vera öllum þegnum skólasamfélagsins sýnileg til fróðleiks og eftirfylgdar.

Garðabær í febrúar 2017

Sigurður Kristjánsson

Ágæti lesandi!

Í lögum um leikskóla er sagt að hlutverk skólans sé að stuðla að alhliða þroska barna; þar skuli lagður grunnur að þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, örnuð færni í íslensku, hæfileikar þeirra til tjáningar og sköpunar ræktaðir og leitast við að styrkja sjálfsmynd, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni í mannlegum samskiptum. Þessi stefna er útfærð í aðalnámskrá leikskóla sem og skólastefnu sveitarfélagsins og öðrum lögum og reglugerðum sem stjórnvöld hafa sett.

Í ágústlok 2015 undirrituðu menntamálaráðherra, Illugi Gunnarsson og bæjarstjóri Garðabæjar, Gunnar Einarsson *Þjóðarsáttmála um læsi* sem byggir á *Hvítbók um umbætur í menntun* sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2014.

Hvítbók kveður á um að leikskólar setji sér læsisstefnu í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Læsisstefna Hæðarbóls sem lítur dagsins ljós í þessum bæklingi á sér stoðir í núverandi starfi leikskólans.

Til þess að styrkja undirstöðupætti lestrarlæsis enn betur en gert hefur verið hafa kennarar leikskólans sammælt um að sameinast um sýnina „*Svona gerum við*“ til að vinna með lestrarlæsi á öllum deildum. Sýnin byggir á fræðilegum forsendum um læsi og að byggja ofan á þekkingu og færni sem börnin búa yfir á hverju aldurskeiði til að tryggja samfellu í námi þeirra. Stoðir stefnunnar eru sóttar í starfshætti sem hafa verið í þróun í leikskólanum síðustu ár.

Það er von kennara Hæðarbóls að innihald læsisstefnunnar sé upplýsandi fyrir þá er málið varðar. Sýnin er að undirbúa leikskólabörn á sem bestan hátt undir grunnskólagönguna og liður í því er að vinna með markvissum leiðum að eflingu allra málþroskapátta og þar með lestrarlæsi.

Læsi í leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: *Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum.*

Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

- ✚ eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum,
- ✚ endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- ✚ tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði,
- ✚ kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- ✚ njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- ✚ þróa læsi í víðum skilningi,
- ✚ öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu,
- ✚ deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- ✚ nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar og velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu annarra þjóða.



Til að efla ritmál og stafabekkingu barnanna:

- ✚ er unnið skipulega með *Lubbi finnur málbein*
- ✚ merkja börnin myndirnar sínar
- ✚ er ritmálið gert sýnilegt í öllu umhverfi þeirra
- ✚ fá þau aðgang að stafaboxum þar sem þau geta leikið með bókstafi og sett saman orð og setningar
- ✚ hafa þau gott aðgengi að stafaspilum
- ✚ para þau saman staf og mynd og staf og staf í vali og í frjálsum leik
- ✚ leita þau upp orð og skrifa þau ýmist í bók eða á töflu
- ✚ er leikið með stafi, hljóð og orð við matarborðið
- ✚ er unnið með samstöfur og fyrstu og síðustu hljóðin í orðum eru greind
- ✚ hafa börnin aðgang að léttlestrarbókum



- heimspekileg samræða ástunduð einu sinni í viku þar sem stuðst er við námsefni *Verkefnabanka Heimspekitorgsins*, þar hugsa börnin saman og orða veruleika sinn eftir viðfangsefni hverju sinni og spyrja áleitinna spurninga
- orð í daglegum athöfnum gripin á lofti og unnið með þau, t.d. með því að finna rímaorðin þeirra, atkvæði klöppuð, hljóðað í gegnum þau með Lubba táknum o.fl.
- börnunum kennd kvæði, þulur og söngtextar í skipulögðum tímum eftir morgunmat



Til að efla frásagnarhæfni og máltjáningu:

- sjá börnin um samverustundir reglulega yfir veturinn þar sem þau segja frá efni bókar eða öðru efni sem þau vilja segja frá og hafa jafnvel undirbúið heima í samstarfi við foreldra eða aðra aðstandendur
- segja börnin frá atburðum daglegs lífs í samverustundum og í daglegu spjalli við matborðin á morgnana, í hádeginu og í síðdegishressingu
- kynna þau sig og sönglögin sem deildin hefur valið til að syngja sameiginlega í föstudagssamveru í sal
- eru börnin hvött til þess að nýta heimspekilega samræðu
- setja börnin upp leikrit skipulega eða bjóða óvænt upp á slíkt í dúkkukrök



Undirstöðupættir læsis

Undirstöðupættir læsis sem hafa mest forspárgildi við upphaf grunnskóla er varðar læsi barna í 1.-2. bekk eru:

- hljóðkerfisvitund
- stafabekking
- orðaforði
- málskilningur
- frásagnarhæfni



Hljóðkerfisvitund er sá hæfileiki að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Barn með vel þroskaða hljóðkerfisvitund skynjar form tungumálsins og getur aðskilið það frá merkingarlegu innihaldi þess.

Í flestum tilfellum þroskast hljóðkerfisvitund á eðlilegan hátt samhliða öðrum þáttum málþroskans, þar sem barnið uppgötvar smá saman form tungumálsins án sérstakrar ihlutunar. Hljóðavitund er undirþáttur hljóðkerfisvitundar, en hljóðavitund er meðvitund um minnstu merkingabæru einingar málsins, máhljóðin. Barn með góða hljóðavitund getur til dæmis greint hvaða hljóð eru í orðum og skipt einu hljóði út fyrir annað. Góð hljóðkerfisvitund og þá ekki síst góð hljóðavitund, er ein af mikilvægustu forsendum þess að börn nái góðum tókum á lestrarferlinu (umskráningu).

Á hverri deild er stuðst við ákveðnar leiðir til þess að styrkja mál- og læsisþroska barnanna og markmið þeirra er að þriggja ára börn þekki stafinn sinn og annarra barna á deildinni. Fjögurra ára börn þekki bæði stafi og hljóð barnanna á deildinni og geti skráð nafnið sitt. Þegar fimm ára börnin hætta vegna aldurs þá er markmiðið að þau hafi þekkingu á öllum stöfum og hljóðum þeirra og geti skrifað nafnið sitt.




Matstækið Tras

Tvisvar á ári leggja kennarar fyrir börnin skráningartækið TRAS sem er skráningaraðferð til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með málhæðun og málþróun tveggja til fimm ára barna. Skráningin grundvallast á markvissum athugunum í daglegum samskiptum við barnið sem flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert um sig skiptast í nokkra þætti:

- ✚ samleikur/ félagsfærni, tjáskipti/ samskipti og athygli / einbeiting
- ✚ málskilningur og málvitund
- ✚ framburður, orðaforði og setningamyndun

Markmið með notkun TRAS:

- ✚ að samræmd, marktæk skráning fari fram á málþroska allra barna á deildinni
- ✚ að unnt sé með slíkri skráningu að grípa til snemmtækrar íhlutunar ef grunur vaknar um frávik
- ✚ að foreldrar/ forráðamenn og aðrir í umhverfi barnsins fái ráðgjöf og leiðbeiningar um hvernig best sé að hjálpa barninu
- ✚ að reynt sé að koma í veg fyrir að önnur vandamál komi upp sem tengjast málþroskafrávikum barns. Niðurstöður geta verið lýsandi fyrir hvernig aðstoð eða hvaða úrræða er þörf á.



Birkisel

Námið í lestrarlæsi á Birkiseli snýst um að byggja ofan á námsefni sem áður hefur verið lagt inn af kennurum yngri deilda eða þeirri þekkingu sem börnin búa að þegar þau byrja á deildinni. Þegar börnin eru á fimmta aldursári er lagt fyrir þau Hjóm-2 sem er tæki til að athuga hljóðkerfisvitund. Verkfærið er grundvallað á niðurstöðum úr langtímarannsókn á tengslum hljóð- og málvitundar við lestrarfærni. Verkfærið spannar sjö þætti sem eru rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðingar og hljóðtenging. Einnig skimar talmeinafræðingur öll elstu börnin. Ef niðurstöður kannana leiða í ljós einhver frávik í málþroska barnanna er unnið á kerfisbundinn hátt með þau til að gera alla undirstöðupætti læsis jafn sterka.



Til að efla orðaforða, málskilning og hlustun er:

- ✚ daglega lesið fyrir börnin eftir síðdegishressingu eða þeim sögð saga og efnisinnihaldið rætt og dýpkað
- ✚ námsefnið *Orðaspjall* og *Lesmál* notað á markvissan hátt en þá eru tekin út orð úr þeim bókum sem lesnar eru fyrir leshópna þann daginn og er farið í margbreytilega þýðingu þeirra. Orðin eru gerð sýnileg með því að taka þau út og setja upp á vegg, orðflokkarnir so (blár), no (rauður) og lo (appelsínugulur) eru aðgreindir eftir litum
- ✚ farið í rímleiki og unnið með þulur í skipulögðum lotum yfir veturinn



Til að efla ritmál og stafabekkingu barnanna:

- ✚ segir umsjónarmaður nafn sitt, fyrsta stafinn, hljóðið og tákn bókstafsins og smá saman yfir veturinn eru flest börnin á deildinni búin að læra máhljóð fyrsta starfs allra barnanna
- ✚ er farið tvisvar sinnum í viku í málörvunar og hljóðanámskennslu með námsefnið *Lubbi finnur málbein* þar sem hvert máhljóð er kynnt með stuttri sögu, vísum, myndum og tónlist
- ✚ eru bókstafir leitaðir uppi og atkvæðin í orðum klöppuð
- ✚ er unnið með samstöfur og fyrstu hljóðin í orðum eru greind
- ✚ skráir kennari frásögn af upplifun barnanna á kennslutöflu/ tússtöflu um leið og börnin túlka upplifunina með teikningu með það að markmiði að gera ritmálið sýnilegt og setja orð á athafnir
- ✚ eru fatahólf og sæti barnanna merkt nöfnum þeirra
- ✚ á allt kennsluefni og leikföng sér ákveðinn stað á deildinni og er hann merktur, púsl, kubbar o.s.frv.
- ✚ eru gluggar, skápar o.s.frv. merktir til að gera ritmálið sýnilegt og auka stafabekkingu
- ✚ eru börnin hvött til að merkja allar teikningar sínar

**Víðisel**

Námið á Víðiseli er aðlagð að nemendahópnum hverju sinni en á deildinni dvelja börn frá 17-18 mánaða til þriggja ára. Þegar börn fara í 2,6 ára skoðun hjá heilsugæslunni eru lögð fyrir þau tvö próf. Annars vegar er það Brigance þar sem orðaforði er kannaður og hins vegar Peds sem foreldrar fylla út varðandi hegðun og þroska barnsins. Ef niðurstöður þessara prófa gefa til kynna frávik hefur fulltrúi heilsugæslunnar samband við leikskólann sem fer af stað með íhlutun í samstarfi við foreldra. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili, skráir kennari einnig málþroska allra barnanna á deildinni samkvæmt TRAS skráningaraðferðinni en ávinningurinn er ekki síst ætlaður kennurum til að kortleggja málþroska barnanna og hvernig þróunin hefur verið.

Til að efla orðaforða, málskilning og hlustun er:

- ✚ lesið daglega fyrir börnin eftir síðdegishressingu
- ✚ efnisinnihald bókanna rætt með heimspékilegri samræðu
- ✚ farið í rímleiki í markvissri málörvun einu sinni í viku og í daglegu starfi
- ✚ orð sett á flestar athafnir daglegs lífs í öllu starfi
- ✚ börnum kennd kvæði og þulur í markvissri málörvun einu sinni í viku
- ✚ daglega sungin kvæði og/ eða þeim kenndar þulur í leshorni eða í fataherbergi



Til að efla frásagnarhæfni og máltjáningu sjá börnin um:

- ✚ að segja frá myndrænu dagskipulagi á degi hverjum eftir morgunmat
- ✚ samverustundir að jafnaði tvisvar sinnum í viku þar sem eitt og eitt barn segir frá efni bókar eða öðru efni sem það vill segja frá og hefur undirbúið heima í samvinnu við foreldra eða aðra aðstandendur
- ✚ að segja frá atburðum daglegs lífs í matartíma og samverustund eftir morgunmat
- ✚ að kynna sig og sönglögin sem deildin hefur valið til að syngja sameiginlega í sal í föstudags-samveru

Til að efla ritmál og stafabekkingu barnanna:

- ✚ segir umsjónarmaður nafn sitt, fyrsta stafinn sinn og hljóðið í stafnum og smá saman yfir veturinn eru flest börnin á deildinni búin að læra máhljóð fyrsta stafs allra barnanna
- ✚ er farið einu sinni í viku í málörvunar og hljóðanámskennslu með námsefnið *Lubbi finnur málbein* þar sem hvert máhljóð er kynnt með stuttri sögu, vísum, myndum og tónlist
- ✚ er umhverfið gert læsishvetjandi með því að líma orð yfir ýmsa innanstokksmuni í hæð barnanna
- ✚ eru fatahólf barnanna merkt
- ✚ hafa þau aðgang að nöfnum sínum til þess að skrá sig inn í leikskólann
- ✚ leika þau með bók- og tölustafi, finna þá og para saman (verkefni sem unnið er að eftir áramót)
- ✚ eru bókstafir leitaðir uppi og atkvæðin í orðum klöppuð

**Furusel**

Námið á Furuseli snýst um að byggja ofan á það námsefni sem kennarar á Víðiseli hafa lagt inn eða þeirri þekkingu sem börnin búa að þegar þau byrja á deildinni. TRAS skráningarblaðið flyst með börnum sem koma frá Víðiseli og þar skrá kennarar málþroskaframvindu barnanna tvisvar á ári eins og áður.

Til að efla orðaforða, málskilning og hlustun er:

- ✚ efnisinnihald bókanna ávallt rætt með heimspekilegri samræðu eftir síðdegishressingu
- ✚ orð tekið úr texta og fjallað um að sum orð hafa fleiri en eina merkingu
- ✚ orð sett á flestar athafnir daglegs lífs í öllu starfi
- ✚ farið í rímleiki í skipulögðum lotum yfir veturinn og orð í daglegum athöfnum gripin til að vinna með
- ✚ börnum kennd kvæði og þulur í markvissri málvörðun á þriðjudögum og fimmtudögum í sex vikna lotum. Einnig í söngstundum sem eru tvisvar í viku.

**Til að efla frásagnarhæfni og máltjáningu sjá börnin um:**

- ✚ samverustundir að jafnaði tvisvar sinnum í viku eftir morgunmat þar sem þau segja frá efni bókar eða öðru efni sem þau vilja segja frá og hafa undirbúið heima í samstarfi við foreldra eða aðra aðstandendur
- ✚ að segja frá atburðum daglegs lífs í samverustundum og í daglegu spjalli við matarborðin á morgnana, í hádeginu og í síðdegishressingu
- ✚ að kynna sig og sönglögin sem þau hafa valið til að syngja sameiginlega í föstudagssamveru í sal

